

33. fundur skólanefndar Tálknafjarðarhrepps, haldinn Miðtúni 1, Tálknafirði, fimmtudaginn 28. ágúst 2008 og hófst hann kl. 17:00

Fundinn sátu:

Guðlaug Björgvinsdóttir (GB), Birna Benediktsdóttir (BB), Guðlaug Sigurrós Björnsdóttir (GSB), Eyrún Ingibjörg Sigbórsdóttir (EIS), Ingólfur Kjartansson (IK), Sigurlaug Guðmundsdóttir (SG)

Fundargerð ritaði: Eyrún Ingibjörg Sigbórsdóttir, oddviti.

Dagskrá:

1. 0808057 - Sérkennsla

Samþykkt samhljóða að ganga til samninga við Elísabetu Kjartansdóttur vegna sérkennslu við Grunnskóla Tálknafjarðar.

2. 0808058 - Kennslumat

Skólanefnd óskar eftir nánari útlistun á fjölda kennslustunda per kennara á viku.

Samþykkt samhljóða

3. 0808059 - Skólalóð

Skólanefnd spyr út í skólalóðina, hvað líði áður samþykktum framkvæmdum s.s. hringtorg. Þá var rætt um umhirðu skólalóðar. Oddviti (EIS) sat fundinn og gat upplýst ástæðu þess að ekki var farið í hringtorg, hún er að fyrirtækið sem gert hafði tilboð gat ekki farið í umrædda framkvæmd, þá var tekin ákvörðun um að þiggja KSÍ sparkvöll og fóru fjármunir sem áætlaðir voru fyrir hringtorgið í völinn. Hvað varðar almenna umhirðu lóðarinnar, þá hefur vinnuskólinn séð um umhirðu á sumrin. Ef skólanefnd og skólastjóra þykir umhirðu ábótavant þá væri gott innlegg að t.d. skólastjóri kæmi með tillögur að vinnuáætlun fyrir lóðina yfir sumarið.

4. 0807087 - Önnur mál

Skólastjóri (IK) lagði fram uppsagnarbréf frá Aaron Mitchell, lagt fram til kynningar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 19:00

_____	_____
_____	_____
_____	_____
_____	_____